


Sjósókn og sjávarfang

mennirnir sögðu mér að þeir hefðu haft færi í landvað við seilarnar. Hann var undinn í hnykil og varð að vera ugglaus með að ná í land.

Segl voru alltaf með í róðrum, aldrei farið á sjó nema að hafa segl. Maður gat alltaf átt það á hættu að komast ekki í land aftur. Ekki var það nú nema einu sinni sem ég lagði frá. Það var í blíðskaparveðri um Jónsmessuleytið. Ég var búinn að veita því athygli að alltaf óx aldan og þegar að lendingu kom þá féll hann á útrifi. Þá lá ekkert annað fyrir en halda til Vestmannaeyja. Það var logn og blíða og við gerðum ekkert annað þarfara en að gutla það. Með hagstæðu falli var venjulega um tveggja tíma róður út til Eyja. Heim komst ég daginn eftir.

Það fór saman hjá mér að ég var síðasti formaður í Landeyjum sem fór á opnu skipi til Eyja og síðasti formaður sem fór á flot til fiskjar hér í Austur-Landeyjum. Síðasta sjóferðin var farin í apríl 1958.¹

Valdimar á Álfhólum



Valdimar Jónsson á Álfhólum.

Valdimar Jónsson á Álfhólum í Vestur-Landeyjum var lengi formaður frá Landeyjasandi, einstakur maður að kappi, dugnaði og góðri forsjá í störfum á sjó og landi, mikill drengur í raun og flestum fremur hugar síns ráðandi. Frásögn Valdimars um sjó og sjóferðir hefur legið hjá mér í segulbandsupptöku í full 30 ár en sumt er skráð beint eftir tveggja manna tali.

Margar fyrstu minningar mínar eru tengdar sjónum. Faðir minn, Jón Nikulásson, fyrst bóndi í Sleif, síðar á Álfhólum, byrjaði formennsku 18 ára gamall og hélt henni fast að 70 ára aldri. Um hann er þessi formanns-vísa:

*Maðurinn knýr fram mastra dýr,
meður stýri lausu.
Ég held skýr og jafnan hýr,
Jón, sem býr á Ausu.*

Móðir mín, Sigríður Sigurðardóttir, fóstaraðist upp hjá Sigurði Magnússyni og Ragnhildi Magnúsdóttur á Skúmsstöðum. Sigurður fékk hana gefins þegar hún var 7 ára. Hún var fædd í Miðkoti og þar voru nokkuð mörg börn. Hann kemur þar einn góðan veðurdag og talar við móður barnsins því faðirinn var ekki heima og segir: „Ég á nú ekki nema eina dóttur. Ég talaði við hana litlu dóttur þína hérna fyrir framan áðan, þú ættir nú að


1 Skráð eftir segulbandsupptöku.

orðinn gamall og ekki hafa háseta á bátinn, það var velkomið að ég keypti hann. Verðið var 250 krónur. Daginn eftir fór ég austur með óskaplega stóran sleða sem við áttum og tvo hesta fyrir og var kominn með bátinn um kvöldið út í sand, þar sem skipin voru. Ég var einn í ferðinni en fékk menn til þess að setja bátinn á sleðann með mér. Þetta gekk allt ágætlega.

Báturinn beið einn eða tvo daga í sandinum. Ég hafði enga menn ráðna en nágranni minn, Páll í Álfhólahjáleigu, var óráðinn, einnig Árni í Fróðholtshjáleigu, svo var fóstursonur okkar, Ágúst Jónsson, síðar bóndi í Sigluvík, hann var þá 7 ára, stór og sterkur eftir aldri, hann fór með í fyrsta róðurinn og dró þá sína fyrstu fiska. Þetta var liðið sem fór í sandinn í fyrsta róður minn á Farsæl, en svo hét báturinn. Tvo menn vantaði mig til þess að geta fleytt bátnum. Ég bað einn eða tvo en þeir sögðu nei, höfðu ekkert álit á að róa hjá mér, sem ekki var von. Svo fer ég til Alberts í Skipagerði, hann var með skip mannað 12 hásetum. Ég segi við hann: „Þú getur lánað mér einn mann eða tvo, ég þarf helst tvo.“ „Ég veit ekki, ég skal lána þér einn.“ „Má ég þá velja hann?“ segi ég. „Já.“ „Hann Bjarni bróðir er hjá þér, ég vil hann, hann er góður. Ætli við höfum það þá ekki að fara fjórir, auk drengsins.“ Þetta hafðist og ég hafði 45 í hlut, kom með 45 í hlut um kvöldið og sá næsti við mig var með 25. Það var blíðu sjóveður og það hafðist einhvern veginn að ráða við skipið. Það var ágætt í meðförum fyrir fimm eða sex menn. Það er nú komið á minjasafnið í Árbæ. Báturinn var tveggja ára þegar ég keypti hann og ekki farið að róa honum. Honum vildi allt til happs. Við trúðum á heppni litla bátsins. Ég vil ekki segja að ég hafi alltaf verið hæstur en oft var það. Hann var fjórróiinn en aukaræði sett á hann síðar í skut, með járnþollum.

Ég man eftir þegar við fórum fyrsta róðurinn á Farsæl að mamma sagði: „Passaðu nú að gefa einhverjum skipshlutinn.“ Ég gerði það, gaf hann ekkju Jóns Atlasonar í Ey. Hún mátti sækja skipshlutinn og það var góður hlutur í fyrsta róðri. Þetta var gamall síður og því var trúað að það væri heppilegt fyrir heill bátsins. Þess má geta að ungi hásetinn, Ágúst Jónsson, gaf Mariufisk sinn Sigríði Oddsdóttur, nágrannakonunni í Álfhólahjáleigu, og enn man hann vel blessunaróskir hennar honum til handa.

Einn daginn reri ég einskipa héðan af Álfhólaflöru. Það voru hrímhillingar og við sáu illa til og sjóveður ekki gott þegar við komum fram. Við sáu ekkert austur í Kotasand og vissum ekkert hvað þeim leið þar, héldum þó að þeir væru allir komnir á sjó. Ég átti þarna grútartunnu sem búin var að vera þar í tvö ár og ég segi: „Nú skulum við taka tunnuna og skella henni og vita hvort það breytist nokkuð sjórinn.“ Þetta var hornriðasjór. Við gerum þetta og eftir svona 10 mínútur er orðið alslétt út og við fórum og komumst strax í fisk. Við vorum búnir að tvíhlaða og þá koma skipin baksandi að austan og þeir ekki farnir að verða varir við fisk, enda fyrir skömmu rónir. Ágúst í Hemlu var fyrstur og kemur þar að sem við vorum að draga í óðaönn í þriðju hleðslu á bátinn. Þá kemur lestin af



Kotunum og landmaðurinn og strax sem þeir eru komnir í varirnar hjá okkur þá veifar landmaðurinn, þykir sjórinn ekki góður. Ágúst var kominn í stóreflis drátt rétt hjá okkur og hann segir: „Nú veifar landmaðurinn, ekki er nú góður sjórinn.“ Ég segi: „Þér er óhætt að vera rólegur, við erum búnir að fara með tvo báta í land og sjórinn er orðinn ágætur í landi, þú þarft ekki að fara í land þess vegna.“ „Ja, ég held ég gegni nú landmanninum.“ „Þú um það,“ segi ég. Og þeir í land þarna einir þrír, fjórir. Við höldum áfram að draga og kippum okkur til lands. Svo segi ég við strákana: „Nú seilum við þennan farm allan og einn maðurinn stekkur upp með stjóran.“ Þá voru hinar skipshafnirnar allar kjurrar í sandi og ég segi: „Þeir hjálpa þér til að draga upp.“ Hann gerir þetta með sóma, hann hendist upp úr flæðarmálinu og við festum ekki skipið og út aftur og það er sami fiskur hjá okkur. Svo koma hinir, þá þykir þeim sjórinn orðinn góður en um kvöldið hafði ég 96 í hlut en sá næsti 45.

Ég breytti bátnum aldrei en gerði hann ágætlega upp áður en ég hætti við hann, þá var orðið alveg fiskilaust hér. Ég hætti að róa 1944. Við fórum síðasta róðurinn þá um vorið og fengum einn fisk á skip. Nú væri gaman orðið að eiga bát. Við Þorgeir Tómasson á Arnarhóli vorum með síðustu bátana sem gengu hérna frá sandinum.

Ég var kominn yfir tvítugt þegar ég keypti bátinn af Guðna. Faðir minn dró ekkert úr þessum framkvæmdum mínum, en ekkert gerði ég án þess að ráðgast við hann og fékk alltaf góð og gild svör. Hann hvatti mig alltaf til allra góðra verka. Ágúst í Hemlu gerðist meðeigandi minn að bátnum